

**Ed.**

**212. Breytingartillaga**

[119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 1980 og 91/1984.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Við 3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa sameiginlega einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Keflavíkurbær skipar tvo fulltrúa í stjórnina og tvo til vara. Þau önnur sveitarfélög, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar. Fulltrúi ríkissjóðs skal skipaður til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhlutfall skv. 2. gr. enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.